

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans. Arnfriður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Straumnesi hf. á Patreksfirði, er óheimilt að nota firmanafnið „Straumnes h.f.“ Stefnda er skylt að láta afmá það heiti úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000,00 króna dagsektum sem renni til stefnanda, Straumness hf. í Reykjavík.

Stefndi, Straumnes hf. á Patreksfirði, greiði stefnanda, Straumnesi hf. í Reykjavík, kr. 40.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1988.

Nr. 243/1987. **Hvoll h/f, Eyrarbakka**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Hvoli h/f, Reykjavík

(Hákon Árnason hrl.)

Firma hlutafélags. Dagsektir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi, Hvoli h/f, Eyrarbakka, Árnæssýslu, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. ágúst 1987. Gerir

hann þær dómkröfur að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda. Dæmd verði dauð og ómerk eftirgreind málsgrein í héraðsdómsstefnu: „Má sem dæmi nefna, að Landsbanki Íslands, Almennar tryggingar h.f. o.fl. hafa beint til stefnanda innheimtukröfum vegna fjárskuldbindinga stefnda.“ Þá verði stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Hvoll h/f, Reykjavík, krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti benti áfrýjandi á, að mál þetta hefði ekki verið höfðað fyrr en tæpum tveimur árum eftir að auglýsing um stofnun Hvals h/f á Eyrarbakka birtist í Lögbirtingablaði, en það var hinn 13. mars 1985 í 46. tölublaði 78. árgangs. Stefna í máli þessu var gefin út 22. janúar 1987 og birt 5. febrúar 1987. Taldi áfrýjandi þetta fara í bága við 6. mgr. 148. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, þar sem svo er kveðið á, að sá, sem telur rétti sínum hallað með skráningu hlutafélags, geti borið það mál undir domstóla, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá því, að tilkynning birtist í Lögbirtingablaði.

Af hálfu stefnda hefur þessari málsástæðu áfrýjanda verið mótmælt sem of seint fram kominni. Einnig er því mótmælt að ofangreint ákvæði hlutafélagalaganna nái til málshöfðunar vegna nafns.

Áfrýjandi bar þessa málsástæðu ekki fyrir sig í héraði. Kemur hún því ekki til álita í Hæstarétti.

Ekki verður á það fallist að áfrýjandi geti í máli þessu byggt rétt á því að húseign stjórnarformanns hans á Eyrarbakka beri nafnið Hvoll. Hefur ekkert komið fram í málinu um að þeirri nafngift hafi verið þinglýst sérstaklega skv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 35/1953 um bæjarnöfn, sbr. áður 6. gr. laga nr. 31/1913 og 5. gr. laga nr. 51/1937.

Með þessari athugasemd en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann. Er áfrýjanda skylt að láta afmá nafnið Hvoll úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000,00 króna dagsektum, er renni til stefnda, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjanda, Hvoli h/f, Eyrarbakka, Árnessýslu, skal óheimilt að nota nafnið Hvoll í firma sínu og ber honum að láta afmá nafnið úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000,00 króna dagsektum, sem renni til stefnda, Hvols h/f, Reykjavík.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 15. júlí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 29. júní sl., er höfðað með stefnu birtri 5. febrúar sl.

Stefnandi er Hvoll hf., nnr. 4451-9291, Borgartúni 33, Reykjavík.

Stefndi er Hvoll hf., nnr. 4451-9275, Eyrarbakka, Árnessýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði dæmt skylt að hætta notkun firmanafnsins Hvols og að stefnda, Hvoli hf., verði dæmt skylt að láta afmá firmanafnið Hvoll úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms í málinu að viðlögðum dagsektum, kr. 5.000,00 fyrir hvern dag. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær að stefnda verði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda og að eftirgreind málsgrein í stefnu á dskj. nr. 1 verði dæmd dauð og ómerk: „Má sem dæmi nefna, að Landsbanki Íslands, Almennar Tryggingar h.f. o.fl. hafa beint til stefnanda innheimtukuröfum vegna fjárskuldbindinga stefnda.“

Þá verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að fullu að skaðlausu eftir mati réttarins.

Þ. 5. október 1984 var hlutafélagið Hvoll hf. í Reykjavík skráð í hlutafélagaskrá. Dagsetning samþykkt þess er 1. október 1984 og skv. 3. gr. samþykkt þess er tilgangur félagsins alhliða byggingastarfsemi; innflutningur og sala byggingarefna, kaup, rekstur og sala fasteigna; lánastarfsemi.

Hóf félagið þegar starfsemi og stundar byggingar fjölbýlishúsa og sölu íbúða.

Þ. 3. janúar 1985 var stofnað á Eyrarbakka hlutafélag undir nafninu Hvoll hf. og var stofnunin tilkynnt til hlutafélagaskrár. Skv. samþykktum félagsins er tilgangur þess úterð fiskiskipa og annar skyldur atvinnurekstur, inn- og útflutningur, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Með bréfi dagsettu 22.03. 1986 ritaði lögmaður stefnanda stjórnarformanni Hvals hf. Eyrarbakka bréf þar sem hann fór þess á leit að hann beitti sér fyrir breytingu á nafni félagsins. Erindi þetta var síðan ítrekað með bréfi dagsettu 19.06. 1986 og segir í því bréfi að ítrekað hafi komið til vandræða vegna skráningar félagsins.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi kveðst ætla að notkun stefnda á firmanafninu Hvoll verði haldið áfram, þannig að málshöfðun sé honum óhjákvæmileg.

Stefnandi heldur því fram að með skráningu á Hvoli hf. Eyrarbakka hafi einkarétti hans á nafninu Hvoli hf. verið raskað og auk þess hafi það valdið honum vandræðum.

Vitnar stefnandi til ákvæða 2. mgr. 10. gr. 1. 42/1902 um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, 30. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978 og 1. tl. 3. ml. í gr. 10 a.l. í Parísar-samþykktinni, sem er fylgiskjal með lögum nr. 102/1961.

Stefndi byggir aðallega á eftirfarandi málsástæðum:

a) Stjórnarformaður stefnda, Þórður Þórðarson, er eigandi húss á Eyrarbakka sem ber heitið Hvoll og hefur gert það a.m.k. frá því að Magnús Torfason, þá sýslumaður Árnessýslu, keypti það 1. nóvember 1923. Sé Þórður þannig eigandi nafnsins Hvals, sbr. nú lög um bæjarnöfn o.fl. nr. 35/1953 og sú heimild hans þinglýst.

Hafi hann því fulla heimild til að nefna hlutafélagið Hvol á Eyrarbakka eftir fasteigninni. Öðru máli gegni um stefnanda. Hafi þeir við stofnun félagsins engan spurt leyfis þar um sem rétt eigi á nafninu. Hafi þeir þar með gerst brotlegir gegn upphafsákvæði 10. gr. laga nr. 42/1903.

b) Þá telur stefndi að gagnálykta beri frá ákvæði 10. gr. 2. mgr. laga nr. 42/1903, þannig að heimilt sé að firmu beri sama nafn ef þau eru ekki í sama hreppi eða kaupstað.

c) Kröfu um ómerkingu ummæla í stefnu styður stefndi með því að orðalag þetta sé meiðandi aðdróttun í garð sinn sem veki þá hugmynd að stefndi standi ekki í skilum gagnvart viðskiptaaðilum sínum og vísar hann til 241. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 188. gr. laga nr. 85/1936.

Forsendur og niðurstaða:

Eins og að framan segir telur stefndi að með því að hann sé eigandi fasteignarinnar Hvals á Eyrarbaka sé honum heimilt að nota það á fyrirtæki

sitt og enda þótt stefnandi hafi verið fyrri til að skrásetja firma með þessu nafni hafi stefndi en ekki stefnandi átt rétt til nafnsins og sé þessum eignarétti stefnda til nafnsins veitt vernd með ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903 en þar segir í fyrsta málslíð: „Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis ...“

Á þessa málsástæðu verður ekki fallist þar sem nafnið Hvoll hefur ekki þá sérstöðu að það skerði lögmæta hagsmuni stefnda að stefnandi tók sama orð sem heiti á firma sínu og með því að hann varð fyrri til að skrá firma sitt og tilkynning um það hafði birst í Lögbirtingablaði áður en stefndi tilkynnti um firma sitt til hlutafélagaskrár þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina.

Ennfremur girðir ákvæði 2. málslíðar 30. gr. laga nr. 56/1978 fyrir það að stefnda hafi verið heimil notkun nafnsins Hvoll á firma sitt.

Ekki verður á það fallist með talsmanni stefnda að tilvitnuð ummæli í stefnu séu þess efnis að þau séu meiðandi fyrir forsvarsmenn stefnda. Það er í ljós leitt í málinu að innheimtutilkynning barst til stefnanda fyrir mistök bankastarfsmanna að því er ætla verður og því tilefni til þess að hreyfa því í máltilbúnaði stefnanda og ekki verður litið svo á að af orðalagi þessu felist að stefndi standi ekki í skilum gagnvart viðskiptaaðilum sínum.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú að dæma ber stefnda Hvol hf. til að hætta notkun firmanafnsins Hvals og skv. 6. gr. laga nr. 42/1903 ber að dæma stefnda til að láta afmá firmanafnið úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum dagsektum sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 1.000,00 á dag og renni til stefnanda sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 40.000,00 í málskostnað.

Allan V. Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Hvoli hf., Eyrarbakka, skal óheimilt að nota nafnið Hvoll sem firma sitt og ber honum að láta afmá nafnið úr hlutafélagaskrá innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000,00 króna dagsektum, sem renni til stefnanda.

Stefndi greiði stefnanda kr. 40.000,00 í málskostnað.